

Mál nr. 506/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar og slysatryggjinar heimatryggingar v.
dagpeningagreiðslu

Maður datt í hálku og slasaðist, þ. 30.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.15.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-55
2. Bréf V dags. 3.9.2012
3. Bréf lögmanns M dags. 17.1.2013 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi árið 2009 þegar hann féll af vinnupalli og fékk slysabætur m.a. vegna þess að hann var metinn óvinnufær. Þ. 30.11.2010 lenti M aftur í slysi þegar hann ran í hálku á göngustíg við heimili sitt og lenti illa og fékk verki í hægri öxl. M krefst bóta vegna tímabundinnar örorku vegna síðara slyssins og vísar til matsniðurstöðu Sigríðar Thorlacius frá 15.5.2012 í því sambandi, en þar metur Sigríður tímabundna örorku M 50% frá 30.11.2012. M byggir á því að V beri að hlíta niðurstöðu ofangreinds mats og vísar til úrskurða Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum í málunum 230/2011, 240/2011 og 348/2011. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að M hafi verið óvinnufær þegar síðara slysið varð. Þá vísar V til þess að M hafi farið í skoðun hjá trúnaðarlækni V þ. 24.11.2010 og hafi niðurstaðan verið sú að M væri enn óvinnufær til starfa sem rafvirki. V bendir á að M hafi verið óvinnufær þegar hann lenti í síðara slysinu og þess vegna telur V að hann eigi ekki rétt til dagpeninga vegna slyssins þ. 30.11.2010. Þá vekur V athygli á 14.gr. vátryggingaskilmála þar sem skilyrðið sé missir starfsorku. V telur fráleitt að M hafi haft 50% starfsorku þegar seinna slysið varð sem hafi skerst. V vísar til þess að félagið hafi greitt M vegna fyrra slyssins 100% dagpeninga frá 25.8.2009 til 22.8.2011 en það sé hámarksbótatímabil tryggingarinnar.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að hann hafi verið vinnufær þegar síðara slysið átti sér stað. Miðað við upplýsingar um greiðslu dagpeninga frá V til M á tímabilinu og upplýsingar um greiðslu dagpeninga til M á tímabilinu verður ekki séð að M hafi sýnt fram á að hann eigi rétt á frekari bótum frá V. Miðað við fyrirbyggjandi gögn á M því ekki rétt á frekari bótum frá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum frá V.

Reykjavík 29.1.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.